



TILLAGA

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Selvogsgrunn 3 – sérmerkt stæði fyrir hreyfihamlaðan einstakling

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar leggur til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki að bifreiðastæði við Selvogsgrunn 3 verði merkt fyrir hreyfihamlaðan einstakling.

Bifreiðastæðið verði merkt með viðeigandi umferðarmerki og yfirborðsmerkingu í samræmi við reglugerð nr. 289/1995, um umferðarmerki og notkun þeirra, með áorðnum breytingum.

Greinargerð:

Tillagan var samþykkt á fundi nefndar, sem fjallar um umsóknir um sérmerkt bílastæði hreyfihamlaðra í Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis, 29. júní 2022.

Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og hlotið samþykki lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllt,
Bjarni Rúnar Ingvarsson
starfandi deildarstjóri samgangna

